

# Fundargerð 27. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2016, þriðjudaginn 17. maí kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Gauti Jóhannesson. Páll Björgvin Guðmundsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök sjávarútvegssveitarfélag - ársreikningur 2015 - 1601003SU

Formaður kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Niðurstaða er heldur betri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarhalli ársins er 311.849 kr. samanborið við áætlaðan halla að fjárhæð 2.693.000 kr.

Eignir félagsins eru 7.634.024 kr., þar af er handbært fé 7.534.024 kr.

*Stjórn samþykkir ársreikninginn og mun undirrita hann á Austfjörðum í júní.*

### 2. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 - 1605001SU

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018.

*Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga skorar á Alþingi að veita mun meira fjármagni til Samgönguáætlunar á árunum 2016-2019, ekki síst Hafnabótasjóðs.*

*Viðhald og framkvæmdir á hafnarmannvirkjum hafa verið í lágmarki um árabil og mikið átak framundan við að bæta úr. Mikilvægt er að samhengi sé milli fjárlaga og samgönguáætlunar, og forgangsriðun innan hennar standi, svo sveitarfélög geti skipulagt sín fjármál og verkefni til samræmis.*

### 3. Umfang hráefnisflutninga um Ísland og þróun sjávarútvegssins - 1605002SU

Lagt fram minnisblað frá Íslenska sjávarklasanum, dags. 8. apríl 2016, um skýrslu klasans um umfang hráefnisflutninga um Ísland og þróun í landfræðilegri dreifingu sjávarútvegsins til framtíðar. Samtökunum býðst að kaupa skýrsluna og myndu samtökin einnig fá öll gögn greiningarinnar afhent á excel formi og allar myndir ásamt samandregnum niðurstöðum á Power Point formi.

*Stjórn samþykkir að veita 250.000 kr. til kaupa á skýrslunni í samstarfi við Hafnsambandið, enda nýtast upplýsingar úr henni vel til að vinna að markmiðum samtakanna.*

#### 4. Námsefni um sjávarútveg - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - 1605003SU

Formaður fór yfir stöðuna, en gert er ráð fyrir stuttri kynningu á verkefninu innan skólakerfisins í vor, þannig að skólar séu upplýstir og geti nýtt Trilluna við skipulag skólastarfs næsta ár. Í haust er áætlað að kynning verði umfangsmeiri og almennari.

Fundi var slitið kl. 09:30

---

Róbert Ragnarsson

---

Steinunn María Sveinsdóttir

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Gauti Jóhannesson